

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar vegna lagfæringa á skilgreindri landnotkun.

Skipulagsstofnun staðfesti 20. janúar 2026 óverulega breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 sem samþykkt var í borgarráði 14. mars 2024.

Í breytingunni felst leiðrétting á sjö landnotkunarreitum innan þéttbýlismarka Reykjavíkurborgar til samræmis við það sem var í eldra aðalskipulagi AR2030. Þeir landnotkunarreitir/svæði sem um ræðir eru Leynimýri K2, Waldorfskóli S25, Suðurhólar ÍB42, Vættaborgir S61, Dalskóli S53 og Holtavegur VÞ33.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 20. janúar 2026.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 3. febrúar 2026